

Notkun gervigreindar með nemendum, til að þjálfa hugsun

Hróbjartur Árnason

Háskóla Íslands

Hvernig geta háskólakennarar stuðlað að því að notkun gervigreindar í námi og kennslu efli gagnrýna hugsun, en grafi ekki undan henni? Stór tungumálalíkön (e. large language models) geta leyst mörg verkefni sem kennarar í háskólum úthluta stúdentum í þeim tilgangi að þjálfa sjálfstæða, greinandi og gagnrýna hugsun þeirra, ásamt því að þjálfa stúdenta í því að finna, lesa og skilja fagbókmenntir og æfast í notkun hugtaka, kenninga og rannsóknarniðurstaðna. Þetta skapar áskorun sem allir háskólakennarar standa því frammi fyrir: Hvernig getum við nýtt gervigreind sem tæki til að auka hæfni nemenda í stað þess að svipta þá tækifærum til að þjálfa hana? Í þessu erindi skoðum við niðurstöður rannsókna sem mældu áhrif notkunar gervigreindar á nokkra þætti hugsunar notenda ásamt tilraunum höfundar með nemendum. Markmið erindisins er að skapa skýra mynd af því hvernig háskólakennarar geta skipulagt kennslu sína og útbúið verkefni sem nýta gervigreind og styðja við ofangreind markmið háskólamenntunar og minnka freistingu til að láta gervigreind leysa verkefni sem er ætlað að gefa stúdentum tækifæri til að efla gagnrýna hugsun í stað þess að grafa undan henni.